



Alþingi við Austurvöll
Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150. Reykjavík

Reykjavík, 24. maí 2019

Efni: 637. mál Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta - umsögn Arion banka hf. eftir breytingartillögu efnahags- og viðskiptanefndar

Vísað er til frumvarps fjármálaráðherra um framangreint mál og framkomið álit meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis. Meginefni frumvarpsins er tillaga um lækkun grunniðgjaldsins úr 0,225% í 0,16%. Í álitinu meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar er gerð breytingartillaga á frumvarpi ráðherra og lagt til að jafnframt verði iðgjald vegna fyrstu 10 milljarða innstæðna fjármálafyrirtækis lækkað í 0,02%.

Rétt er að taka fram að Arion banki stendur að umsögn SFF sem send var Alþingi vegna framangreinds máls en bankinn greiðir iðgjöld til Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Auk athugasemda sem bankinn vill gera við breytingar efnahags- og viðskiptanefndar og farið er yfir hér á eftir vill bankinn ítreka það sem kemur fram í umsögn SFF um að nauðsynlegt sé að huga að frekari lækkun iðgjalda til sjóðsins. Líkt og fram kemur í frumvarpi fjármálaráðherra var hlutfall eigna TIF af tryggðum innstæðum í árslok 2017 (miðað við nýjan grunn tryggðra innstæðna) 4,3%. Því sé ljóst að hlutfallsleg eignastaða TIF er verulega umfram 0,8% lágmarksviðmiðið sem kveðið er á um í nýju regluverki sem fyrirséð er að verði innleitt hér á landi en þar er kveðið á um lágmarkseignastöðu innstæðutryggingarsjóðsins sem verði 0,8% af nýjum grunn tryggðra innstæðna. Bankinn telur því að svigrúm til frekari lækkunar sé fyrir hendi og rúmlega það. Jafnframt vekur bankinn athygli á því að tækifæri eru til betri ávöxtunar á þeim hluta sjóðsins sem er umfram lágmarksviðmið.

Komið er að ákveðnum kaflaskilum í rekstri sjóðsins hvað varðar uppbyggingu hans að nýju. Tillaga frumvarpsins um lækkun miðar við að viðhalda núverandi hlutfalli eignasafns TIF af tryggðum innstæðum. Hins vegar er það mat bankans að engin rök hafi komið fram sem styðji það að þörf sé á að viðhalda núverandi hlutfalli eignasafns TIF enda er það langt yfir þeim viðmiðum sem notast er við í því regluverki sem fyrirhugað sé að taka hér upp.

Tillaga meiri hluta nefndarinnar felur í sér verulega lækkun iðgjalda fyrir minni innlánsstofnanir. Í rökstuðningi meiri hluta nefndarinnar er tekið fram að staða TIF sýni að nokkurt svigrúm sé til frekari lækkunar iðgjalda. Það vekur hins vegar athygli að markmið meiri hluta nefndarinnar fyrir lækkuninni er að „styrkja samkeppnisstöðu sparisjóða“ en jafnframt er tekið fram að um leið njóti aðrar fjármálastofnanir góðs af



lækkuninni. Bankinn vill benda á að varhugavert sé að Alþingi samþykki lög þar sem beinlínis er verið að raska samkeppnisstöðu á markaði með lögbundinni gjaldtöku.

Efnislega hefur breyting meiri hluta nefndarinnar þær afleiðingar að litlar innlánsstofnanir hér á landi svo sem sparisjóðir greiða einungis lægra gjaldið þar sem innlán þeirra allra eru undir 10 milljörðum króna eins og nú háttar. Þetta lægra iðgjald yrði væntanlega einnig grunnur við útreikning á áhættuvegna iðgjaldinu.

Arion banki hf. telur breytingartillögu meiri hluta nefndarinnar ganga í berhögg við þau markmið sem nú eru lögð til grundvallar í Evrópu og á heimsvísu varðandi ákvörðun iðgjalds til innstæðutrygginga. Helstu rökin því til stuðnings eru eftirfarandi:

1. Þegar innstæðutryggingatilskipun Evrópusambandsins verður tekin upp í EES rétt eða innleidd í íslenska rétt munu taka gildi hér á landi nokkuð skýr ákvæði um iðgjöld til innstæðutryggingasjóðs. Reglan í tilskipuninni er að greitt er hlutfallslegt grunnjald af tryggðum innstæðum og til viðbótar áhættuvegið iðgjald sem miðast við tiltekna þætti sem nefndir eru í tilskipuninni. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur gefur út frekari leiðbeiningar um hvernig skuli reikna áhættustuðlana. Smæð eða stærð fyrirtækja er ekki einn af þeim þáttum sem leggja á grundvallar eins sjá má í eftirfarandi tilvitnun í aðfararorð tilskipunarinnar (málsgrein 36).

“Contributions to DGSs should be based on the amount of covered deposits and the degree of risk incurred by the respective member. This would allow the risk profiles of individual credit institutions to be reflected, including their different business models. It should also lead to a fair calculation of contributions and provide incentives to operate under a less risky business model. In order to tailor contributions to market circumstances and risk profiles, DGSs should be able to use their own risk-based methods. In order to take account of particularly low-risk sectors which are regulated under national law, Member States should be allowed to provide for corresponding reductions in the contributions while respecting the target level for each DGS. In any event, calculation methods should be approved by competent authorities. The European Supervisory Authority (European Banking Authority) (‘EBA’), established by Regulation (EU) No 1093/2010 of the European Parliament and of the Council (2) should issue guidelines for specifying methods for calculating contributions.”

2. Ákvæði gildandi laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar endurspeglar þess hugsun þó ekki komi nákvæmlega á hverju skuli byggja við ákvörðun áhættuhluta iðgjaldsins til TIF enda eru þau byggð á breytingatilskipun ESB frá 2010, svonefndri DGS II.
3. Tilskipun ESB um innstæðutryggingar 2014/49 EU byggir meðal á annars á eða er ætlað að vera í samræmi við kjarnareglur Greiðslubankans í Basel fyrir innstæðutryggingakerfi. Þar er miðað við að iðgjöld í innstæðutryggingakerfi taki mið af áhættu í rekstri innlánsstofnana. “For deposit systems (whether ex-ante, ex-post or hybrid) utilising risk-adjusted differential premium systems, the criteria used in the risk adjusted differential premium system should be transparent to all participants. As well as, all necessary resources should be in place to administer the risk -adjusted differential premium system appropriately.”
4. Ekkert bendir sérstaklega til þess að litlar innlánsstofnanir sé áhættuminni en stærri innlánsstofnanir. Reynslan hér á landi er að þrot sparisjóða eru mun algengari en banka, en efnahagsreikningur þeirra með minni áhættudreifingu og þeir með afmörkuð og einsleit starfsvæði.

Samandregið er það afstaða bankans að breytingartillaga meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar sé ekki í samræmi alþjóðleg viðmið, sbr. reglur Alþjóðagreiðslubankans. Breytingartillagan stangast jafnframt að efni til við lögin sjálf þar sem lagt er til grundvallar að iðgjald samanstandi af tveimur þáttum, grunniðgjaldi



og áhættuvegnu iðgjaldi. Það fyrirkomulag byggir á reglum ESB sem áformað er að innleiða hér á landi á næstunni.

Virðingarfyllst,

Stefán Pétursson
Bankastjóri